

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Ríkiseigna.

1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinna Ríkiseignir?

Hlutverk Ríkiseigna leiðir af 43. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál. Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. fer ráðherra með eignarhlut ríkisins í fasteignum, jörðum, fasteignatengdum réttindum, auðlindum og öðrum réttindum ríkisaðila í A-hluta og sér um fyrirvar þeirra, öflun og ráðstöfun, nema lög eða stjórnvaldsfyrirmæli kveði á um annað. Í 3. mgr. 43. gr. kemur fram að ráðherra sé heimilt að færa daglega umsýslu eigna skv. 1. mgr. til sérstakrar starfseiningar eða ríkisaðila sem starfar á hans ábyrgð. Ríkiseignum var komið á fót á grundvelli þessarar heimildar.

2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Ríkiseigna og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?

Samkvæmt lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, skal sýna skiptingu fjárheimilda eftir málefnasviðum og málaflokkum í fjárlögum og er kostnaði því deilt niður með þeim hætti í fjárlögum fremur en á hvert lögbundið verkefni. Starfsemi Ríkiseigna fellur undir málaflokk 5.20 *Eignaumsýsla ríkisins* og samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020 er heildarfjárveiting til stofnunarinnar 11.791,8 millj. kr. sem fjármögnuð er með rekstrartekjum hennar.